



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019
R18050222
100

Borgarráð

Starfshópur um skoðun og þróun þjónustu á Kjalarnesi

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um skoðun og þróun þjónustu á Kjalarnesi er lögð fram til kynningar

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um skoðun og þróun þjónustu á Kjalarnesi, drög

Erindisbréf

Starfshópur um skoðun og þróun þjónustu á Kjalarnesi

Ábyrgð:

Stýrihópur um innleiðingu þjónustustefnu.

Inngangur:

Á fundi stýrihóps um innleiðingu þjónustustefnu, dags. 14. desember 2018, var tekið fyrir tillaga er vísað var til hópsins frá borgarráði um stofnun starfshóps um skoðun á þróun þjónustu á Kjalarnesi. Tilfni tillögunnar er að um 20 ár eru liðin frá því Kjalarneshreppur sameinaðist Reykjavík. Á þeim tíma var samstarfsnefnd skipuð til að vinna að sameiningunni og komu fjölmargar tillögur út úr þeirri vinnu um hvernig margvíslegri þjónustu sameinaðs sveitarfélags yrði háttað á Kjalarnesi, yrði sameiningin að veruleika. Í tillögunni var lagt til að starfshópurinn skoðaði þróun almennt á Kjalarnesi s.l. 20 ár og fari yfir hvaða tillögur hafi orðið að veruleika og hverjar ekki. Tillagan var samþykkt á fundi stýrihópsins og ákveðið að stofna starfshóp.

Helstu verkefni:

- Kortlagning þjónustu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi.
- Rýning fyrirbyggjandi viðhorfs- og þjónustukannana um þjónustu Reykjavíkurborgar og niðurstaðna m.t.t. Kjalarness.
- Samanburður á þjónustu á Kjalarnesi annars vegar og þjónustu í öðrum hverfum borgarinnar hins vegar.
- Samantekt á ofangreindum tillögum samstarfsnefndar og framkvæmd þeirra.
- Önnur verkefni sem starfshópurinn telur nauðsynlegt að fara í til að ná heildarmynd af þjónustu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi.
- Tillögur um hugsanlegar breytingar á þjónustu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi. Tillögurnar skulu kostnaðarmetnar og skoðaðar í samhengi við þjónustu í öðrum hverfum borgarinnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Lögð er áhersla á að vinna starfshópsins sé unnin í samráði við innleiðingarteymi þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfshópurinn skipa:

Elisabet Ingadóttir, (formaður), skrifstofa þjónustu og reksturs
Fulltrúi tilnefndur af skóla- og frístundasviði
Fulltrúi tilnefndur af velferðarsviði
Fulltrúi tilnefndur af umhverfis- og skipulagssviði
2 fulltrúa tilnefnda af íbúasamtökum Kjalarness
Starfsmaður: Starfsmaður SÞR (ath að komi úr þjónustuveri)

Starfstími:

Starfshópurinn skili stýrihópi greinargerð um þjónustu Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi og hugsanlegum tillögum að breytingum til ábyrgðarmanns fyrir 15. ágúst 2019.

Reykjavík, [Dags.]

F.h. stýrihóps: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir